Stjórnarfundur 270

FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
28.01.2022	Fundarsalur NO 4.hæð	Stjórnarfundur 270
Fundarritari	**Fundartími**	
Eva Hrund Einarsdóttir	10:00 – 11:44	
Fundarmenn	**Fjarverandi**	
Hlynur Jóhannsson, Eva Hrund Einarsdóttir, Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir, Helgi Jóhannesson.	Erla B. Guðmundsdóttir, Stefán H. Steindórsson	

Í fjarfundi: Geir Kristinn Aðalsteinsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Björg Erlingsdóttir,

Gunnur Ýr Stefánsdóttir, Halla B. Halldórsdóttir, Vigfús Ingi Hauksson

Aðrir, gestir á fundi

Stjórnarformaður Norðurorku hf., Hlynur Jóhannsson setti fund og stjórnaði

1. **Vátryggingamál Norðurorku**
2. **Upplýsingar til stjórnar**
3. **Endurskoðun Norðurorku**
4. **Orkey ehf**
5. **Skógarböð ehf**
6. **Fallorka ehf.**
7. **Önnur mál**

Nr	Dagskrárliðir

1. **Vátryggingamál Norðurorku**

Samkvæmt starfsreglum stjórnar skal fara yfir vátryggingavernd félagsins árlega. Sviðsstjóri þjónustu- og fjármála fór yfir samantekt um helstu þætti vátryggingamála, bæði hvað varðar Náttúruhamfaratryggingu og VÍS sem er vátryggingafélag Norðurorku. Sviðsstjóri fór einnig yfir iðgjöld og breytingar á þeim. Fram kom hjá sviðsstjóra að Norðurorka er með nokkuð af eignum í eigin ábyrgð svo sem innviði í dreifistöðvum og húseigendatryggingar (nema Reykjahúsin og húsnæði á Rangárvöllum) enda litið svo á að áhætta félagsins sé mjög dreifð.

Stjórn gerir ekki athugasemd við vátryggingavernd félagsins.

2. **Upplýsingar til stjórnar**

Í samræmi við starfsreglur stjórnar skal á sama fundi og vátryggingamál eru yfirfarin, farið yfir með stjórn hvort upplýsingagjöf til hennar sé nægjanleg og skýr þannig að stjórn telji sig hafa fullnægjandi gögn til ákvörðunartöku og til að sinna starfi sínu.

Stjórn telur upplýsingagjöf í núverandi mynd vera í góðum farvegi.

3. **Endurskoðun Norðurorku hf**

Beitt var þeirri reikningsskilaaðferð að endurmeta rekstrafjármuni félagsins árið 2009 og síðan aftur árið 2018 þegar rétt þótti að endurmeta að nýju. Það er álit endurskoðanda félagsins að með lagabreytingu sem gerð var árið 2016, eigi Norðurorka í ljósi endurmatsins 2018, að beita sömu reikningsskilaaðferð og endurmeta rekstrarfjármuni árlega og til samræmis útfæra virðisrýrnunarpróf árlega. Tvær leiðir eru í stöðunni, annað hvort að snúa endurmatinu frá 2018 til baka eða að fara árlega í endurmat héðan í frá. Það er tillaga stjórnenda að halda áfram núverandi reikningsskilaaðferð og gera árlegt endurmat héðan í frá með virðisrýrnunarprófi eftir atvikum.

Stjórn samþykkir að farin sé sú leið að endurmeta rekstrarfjármuni árlega ásamt því að gert sé virðisrýrnunarpróf árlega eftir atvikum.

4. **Orkey ehf**

Málefni Orkeyjar hafa oft verið til umræðu í stjórn. Nú hefur Norðurorka rekið Orkey liðin tvö ár. Ýmislegt hefur skýrst í rekstrinum og margar nýjar áskoranir komið upp sem hafa veikt reksturinn. Farið var yfir minnisblað framkvæmdastjóra sem fjallar um reksturinn og stöðu hans. Markmið Norðurorku með yfirtöku á rekstri Orkeyjar var að halda þessu umhverfisvæna "púsli" í gangi og skila inn í

rekstrarumhverfi sem héldi utan um grænan rekstur svo sem Moltu sem mögulega yrði "lífmassaver" framtíðarinnar.

Stjórn felur forstjóra að skrifa formlegt bréf til stjórnar Moltu og kanna hug hennar til yfirtöku á rekstri Orkeyjar.

5. **Skógarböð ehf**

Fyrir liggja drög að samningi við Skógarböð ehf. um verð og afhendingu á heitu vatn upprunnið úr Vaðlaheiðargöngum. Í drögunum er grein um möguleg hlutafjárkaup Norðurorku í samræmi við viljayfirlýsingu og fyrri samskipti aðila. Í kjölfar umræðu á fundinum var ákveðið að funda með Skógarböðum varðandi ofangreint efni.

Forstjóra og stjórnarformanni falið að koma á fundi með forsvarsmönnum Skógarbaða.

6. **Fallorka ehf.**

a. Eigendastefna. Lengi hefur verið rætt um að gera eigendastefnu fyrir Fallorku, ekki síst þar sem eigandinn, Norðurorka á ekki stjórnarmann í félaginu. Umræða um eigendastefnu kom einnig fram í stefnumótun Norðurorku. Forstjóri fór yfir hugmyndir um atriði sem mynda grunn í eigendastefnu.

Forstjóra falið að undirbúa eigendastefnu sem eftir atvikum getur verið hluti af samþykktum Fallorku.

b. Endurmat eigna Fallorku. Í ljósi ákvörðunar stjórnar Norðurorku um árlegt endumat eigna er eðlilegt að Fallorka fylgi móðurfélaginu með sömu reikningsskilareglum.

Stjórn samþykkir að leggja til við stjórn Fallorku, að félagið fylgi sömu reikningsskilaaðferðum og móðurfélagið frá og með árinu 2022.

c. Endurskoðun Fallorku. Á liðnu ári var rætt um að bjóða endurskoðun Fallorku út á sama hátt og endurskoðun Norðurorku. Sé hins vegar horft til 99. greinar laga nr. 3/2006 um ársreikninga er kveðið á um að endurskoðendur móðufélags skulu jafnframt endurskoða dótturfélög sé þess nokkur kostur.

Stjórn samþykkir að leggja til við stjórn Fallorku að endurskoðunar fyrirtæki Fallorku verði óbreytt næsta ár en að nýr endurskoðandi verði kosinn í ljósi breytinga hjá KPMG.

7. **Önnur mál**

a. Veitutölur fyrir árið 2021. Forstjóri fór yfir ýmsar rekstrarupplýsingar úr veitum NO, m.a. dælingar í hitaveitu, neysluvatnsöflun, dreifingu á rafmagni, sölu á metani, gerlasýnatökur við sjávarsíðuna með meiru. **Til upplýsinga**

b. Syðra Laugaland. Samkvæmt fréttum íhugaði Kirkjusjóður að selja jörðina Syðra-Laugaland í Eyjafirði. Norðurorka lýsti formlega yfir vilja sínum til að kaupa jarðhitaréttindi jarðarinnar í ljósi stefnumótunar félagsins. Samkvæmt formlegu svari Kirkjunnar ætlar Kirkjan sér að eiga jarðhitaréttindin og jörðina áfram en selja húsakost. **Til upplýsinga.**

c. Fundargerðir stjórnar. Farið yfir mál aðila sem óskar eftir fundargerðum Norðurorku liðin tvö ár. Forstjóri hefur rætt við aðilann og fundið lausn á málinu í góðri sátt. **Til upplýsinga.**

d. Vaðlaböð ehf., og GPO ehf. Vegna innri mála hjá Tækifæri/KEA voru hlutabréf þess í fyrrgreindum félögum seld til Urða ehf., sem er að fullu í eigu KEA. Stjórnir félaganna sem og Norðurorka féllu frá forkaupsrétti.

Til upplýsinga

e. Aðal- og ársfundur 2022. Rætt um mögulegar tímasetningar fyrir fundi.

f. Umboð vegna aðalfunda í tengdum félögum. Undirrituð umboð til handa stjórnarformanni og forstjóra til vara fyrir öll tengd félög. Undirrituð umboð til sviðsstjóra Þjónustu- og fjármálasviðs fyrir aðalfund Netorku, sviðsstjóra Veitu- og tæknisviðs fyrir aðalfund GPO og Mannauðsstjóra fyrir aðalfund í Vaðlaböðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:44